

25. ágúst 2025

Kauphallartilkynning: Afkoma Sýnar hf. á öðrum ársfjórðungi ársins 2025.

Rekstur í takt við áætlanir

Árshlutareikningur samstæðu Sýnar hf. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2025 var samþykktur á stjórnarfundi þann 25. ágúst 2025.

Árangur félagsins á öðrum ársfjórðungi ársins er í samræmi við forsendur áætlunar og afkomuspá fyrir árið 2025. Stjórnendur félagsins telja áfram að forsendur áætlunar ársins 2025 standi og minna á að gert var ráð fyrir viðsnúningi í rekstri á seinni hluta ársins. Nú þegar sjást jákvæð merki um það, meðal annars í aukinni sölu á fjarskiptapjónustu og fjölgun áskrifta að sjónvarpsþjónustu, þar á meðal vegna endurmörkunar félagsins og einföldunar á vöruframboði.

Hinn 12. júní sl. sameinuðust vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð2+ og Stöð 2 Sport undir merki Sýnar. Þessi samruni er mikilvægur þáttur í því að einfalda ásýnd og vöruframboð Sýnar í anda þeirrar stefnumörkunar sem félagið kynnti á mörkuðum í lok síðasta árs. Samhliða þessum breytingum kynnti Sýn nýtt og einfaldað vöruframboð sem sameinar öfluga fjarskiptapjónustu, hágæða sjónvarpsefni og einstakt úrval af íþróttum.

Sýn hf. hefur kært bráðabirgðaaðkvörðun Fjarskiptastofu til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála og telur að lagaskilyrði fyrir töku slíkrar ákvörðunar hafi ekki verið fyrir hendi. Ákvörðun Fjarskiptastofu, sem skyldar félagið m.a. til að veita aðgang að sýningarrétti frá Enska boltanum í gegnum dreifikerfi tiltekins markaðsráðandi samkeppnisaðila, veldur félaginu verulegum vonbrigðum. Félagið hefur því krafist þess að ákvörðunin verði felld úr gildi eða réttaráhrifum hennar verði frestað.

Mikilvægum áfanga var náð á dögunum í samstarfi Sýnar hf. og Nova hf. þegar félögin undirrituðu samkomulag um framsal farnetsdreifikerfa til Sendafélagsins ehf., sameiginlegs félags þeirra. Með þessu er stigið stórt skref í átt að frekari hagræðingu í rekstri og mun þetta draga úr fjárfestingapörf félaganna til framtíðar. Samkvæmt áætlunum mun verkefnið hafa jákvæð áhrif á fjárhagsstöðu Sýnar, þar sem árlegar fjárfestingar lækka um u.þ.b. 200 m.kr. og skuldir félagsins dragast saman eftir endurfjármögnun Sendafélagsins. Þá er gert ráð fyrir að árleg afkoma Sendafélagsins verði um 130 m.kr. og færist hluti Sýnar undir áhrif hlutdeildarfélaga í rekstri Sýnar.

Fyrirtækjaskrá hefur til meðferðar samrunaáætlun vegna sameiningar Sýnar hf., Endor ehf., Eignarhaldsfélagsins Njálu ehf. og Já hf., sem miðast við 1. janúar 2025. Endanlegur samruni hefur verið samþykktur af stjórn Sýnar hf. Gert er ráð fyrir að ljúka samruna á þriðja ársfjórðungi ársins 2025.

Samantekt á helstu lykiltölum:

Lykiltölur (m.kr.)	2F 2025	2F 2024	Br.	Br.%
Tekjur	5.357	5.286	71	1,4%
EBITDAaL	716	733	-17	-2,3%
EBITDAaL%	13,4%	13,9%		
Fjárfestingar	624	1.165	-541	-46,5%
Fjárfestingar%	11,6%	22,0%		
EBITDAaL – Fjárfestingar	92	-432	524	121,4%
EBITDAaL – Fjárfestingar %	1,7%	-8,2%		
EBIT	66	63	3	4,4%

Heildartekjur á öðrum ársfjórðungi (2F) 2025 námu 5.357 m.kr. samanborið við 5.286 m.kr. á sama tímabili 2024 og jukust um 1,4%. Tekjur af fjölmiðlun, interneti og farsímapjónustu (án IoT) jukust um 3,4% á milli tímabila.

EBITDAaL nam 716 m.kr. á 2F, samanborið við 733 m.kr. á sama tímabili í fyrra. Tap eftir skatta nam 174 m. kr. á 2F 2025 samanborið við 186 m.kr. tap á sama tímabili 2024.

EBITDAaL að fráðregnum fjárfestingum nam 92 m.kr. á ársfjórðungnum samanborið við -432 m.kr. á sama tímabili í fyrra.

Rekstrarhagnaður (EBIT) á 2F nam 66 m.kr., samanborið við 63 m.kr. á fyrra ári.

Tekjuskipting (m.kr.)	2F 2025	2F 2024	Br.	Br.%
Fjölmiðlun	2.427	2.407	20	0,8%
Internet	1.228	1.160	68	5,8%
Farsími	1.076	1.053	23	2,2%
Fastlína	112	102	9	8,9%
Hýsingar- og rekstrarlausnir	118	84	33	39,6%
Vörusala	211	252	-41	-16,3%
Aðrar tekjur	186	227	-41	-17,9%
Samtals	5.357	5.286	71	1,4%

Góð tekjuaukning var í kjarnastarfsemi félagsins þar sem tekjur af Interneti jukust um 5,8% og tekjur af farsímaáskriftum jukust um 13,2%, en tekjur af IoT drógust saman um 36,2% sem falla undir sama lið. Auglýsingasala dróst saman á fjórðungnum um 2,7% frá fyrra ári. Einskiptis tekjufærsla vegna lúkningar stjórnsýslumáls nam 30 m.kr. á fjórðungnum. Góður vöxtur var í sölu sjónvarpsáskrifta á tímabilinu þar sem tekjur jukust af áskriftarsölu um 8,3% vegna mets í fjölda áskrifenda á tímabilinu.

Rekstrarkostnaður	2F 2025	2F 2024	Br.	Br.%
KSV&P	2.222	2.100	122	5,8%
Laun og launatengd gjöld	1.535	1.642	-107	-6,5%
Annar rekstrarkostnaður	563	526	37	7,0%
Rekstrarkostnaður	4.320	4.268	52	1,2%

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu á 2F nam 2.222 m.kr og jókst um 5,8% milli ára (2F 2024: 2.100 m.kr.). Hækkunina má rekja til vísitölutengdra samninga við birgja og aukins breytilegs kostnaðar í kjölfar fjölgunar viðskiptavina. Einskiptis liður vegna kostnaðar í uppgjöri við birgja nam 15 m.kr. á fjórðungnum.

Laun og launatengd gjöld námu 1.535 m.kr. á 2F 2025 og lækkuðu um 6,5% milli ára (2F 2024: 1.642). Þá drógust eignfærð laun einnig saman um 11 m.kr. á milli ára.

Annar rekstrarkostnaður nam 563 m.kr. á 2F samanborið við 526 m.kr. á sama tímabili í fyrra og jókst um 7% milli ára. Skýrist hækkun einkum af hærri markaðskostnaði í tengslum við endurmörkun á félaginu.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt var 787 m.kr. og hækkar frá sama tímabili í fyrra (2F 2024: 673 m.kr.). Eftir vexti og skatta nam handbært frá rekstri 481 m. kr. og hækkar á milli tímabila (2F 2024: 355 m.kr.)

Fjárfestingarhreyfingar	2F 2025	2F 2024	Br.	Br.%
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum	76	255	-179	-70%
Fjárfestingar í öfnislegum eignum	145	343	-199	-58%
Fjárfestingar í sýningarréttum	404	567	-163	-29%
Fjárfestingar	624	1.165	-541	-46%

Fjárfestingar námu 624 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2025, samanborið við 1.165 m.kr. á sama tímabili í fyrra. Stórum áföngum í innleiðingaverkefnum lauk árið 2024 sem litar samanburð á milli ára. Þá hefur verið minni fjárfestingapörf í fjarskiptainnvíðum eftir kröftuga innviðauppgögnunni fyrri ára. Einnig vegur inn að sýningaréttargreiðslur dreifast öðruvísi á almanaksárið að þessu sinni með stærri hluta fjárfestinga síðar á árinu, einkum vegna Enska boltans.

Efnahagur 30. júní 2025:

Eigið fé í lok tímabilsins nam 8.148 m.kr. og eiginfjárlutfall var 27,1%.

Hreinar vaxtaberandi skuldir félagsins voru 6.216 m.kr. í lok annars ársfjórðungs 2025 en hreinar vaxtaberandi skuldir að viðbættum leiguskuldbindingum voru 18.274 m.kr.

Félagið vinnur ásamt Nova hf. að framsali á hluta fjarskiptaeigna sinna til Sendafélagsins. Í tengslum við þetta eru viðkomandi eignir færðar úr hefðbundnum rekstrarfjármunum yfir í eignir haldið til sölu í efnahagsreikningi.

- 1.522 m.kr. af fjarskiptainnvíðum (rekstrarfjármunum) eru færð undir þennan lið.
- 258 m.kr. af öfnislegum eignum eru einnig flutt í sama flokk.

Þessi tilfærsla endurspeglar stefnu félagsins um að styrkja betur fjárhagslega stöðu sína með sölu tiltekinna innviða, auka sveigjanleika í rekstri og styrkja lausafjárstöðu.

Herdís Dröfn Fjeldsted, forstjóri:

„Árið hefur verið viðburðarríkt hjá Sýn og markað af tveimur stórum áföngum sem styrkja félagið bæði gagnvart viðskiptavinum og fjárfestum. Við höfum lokið endurmörkun vörumerkja félagsins undir einu merki og kynnt nýja pakka sem sameina fjarskipti og fjölmiðla á skýrari hátt en áður. Þessum breytingum hefur verið vel tekið og þær marka endapunkt á yfir 12 mánaða vinnu og undirbúningi sem fjöldi starfsfólks hefur komið að, með það að markmiði að gera vöruframboðið einfaldara og skýrara fyrir viðskiptavini.

Á sama tíma tókum við á móti Enska boltanum í sumar og hefur sú yfirfærsla gengið einstaklega vel. Við höfum séð gríðarlega góðar viðtökur viðskiptavina og styrk í dreifileiðum okkar. Við vinnum áfram að því að bæta upplifun viðskiptavina sem nýta sér öpp í snjallsjónvörpum svo þjónustan verði sem best. Sjónvarpsþjónusta Sýnar er öllum landsmönnum aðgengileg um internetið, óháð fjarskiptafyrirtæki.

Að okkar mati gengur ákvörðun Fjarskiptastofu gegn grundvallarreglum um samkeppni og jafnræði á markaði. Við teljum að með ákvörðuninni sé verið að draga úr hvata til þróunar á nýjum og hagkvæmari lausnum fyrir neytendur.

Góðum árangri hefur verið náð í því að auka hagræði í rekstri og fjárfestingar eru markvissari en áður. Þetta hefur skilað sér í bættum rekstrargrunni og meiri sveigjanleika til að halda áfram að þróa vörur og þjónustu.

Heildarniðurstaðan eftir fyrstu sex mánuði ársins er því jákvæð: rekstur er í takt við áætlanir, kjarnatekjur sýna vöxt og félagið stendur traustum fótum. Með skýrri sýn, einfaldara vöruframboði, sterku vörumerki, Enska boltanum og áframhaldandi skilvirkni í rekstri erum við vel í stakk búin til að skapa viðskiptavinum betri upplifun og hluthöfum virði til framtíðar.“

Horfur og afkomuspá

Eins og félagið kynnti á 1. ársfjórðungi er lykilmælikvarði þess EBITDAaL að frádregnum fjárfestingum. Afkomuspá félagsins fyrir árið 2025 hefur verið uppfærð þannig að umfang fjárfestinga hefur verið lækkað og er nú 3.300–3.500 m.kr. fyrir árið 2025. Þá gerum við nú ráð fyrir að EBITDaL verði á bilinu 4.000–4.200m.kr.

Uppfærð afkomuspá 2025 (m.kr.)	Neðri	Efri
EBITDAaL	4.000	4.200
Fjárfestingar	3.300	3.500
EBIT	800	1.000

Fjárhagsdagatal 2025:

✓ Afkoma 3F 2025	6. nóvember 2025
✓ Afkoma 4F og ársuppgjör 2026	19. febrúar 2026
✓ Aðalfundur	16. mars 2026

Kynningarfundur 26. ágúst 2025

- Opinn kynningarfundur vegna uppgjörsins verður haldinn þriðjudaginn 26. ágúst kl. 8:30 í húsnæði félagsins að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Jafnframt verður hægt að fylgjast með fundinum í beinu streymi, en vefslóðin verður birt hér: <https://syn.is/fjarfestatengsl/arshlutareikningar>.
- Tekið er á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@syn.is.
- Nánari upplýsingar má nálgast á síðu fjárfestatengsla Sýnar á <https://syn.is/fjarfestatengsl> og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.

Frekari upplýsingar veitir

Herdís Dröfn Fjeldsted, forstjóri, einnig má senda fyrirspurnir á netfangið fjarfestatengsl@syn.is.